

EFNI: Viðbótarumsögn frá Myndstef vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum til einföldunar á regluverki, 444. mál.

Linkur inn á frumvarpið:

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=151&mnr=444>

Sæl veriði

Og takk fyrir áhugaverðan fund í síðustu viku.

Hér koma þær kröfur og ábendingar frá Myndstef sem standa utan, og við ræddum á fundinum okkar, og þyrfti að skoða. Að öðru leiti tekur Myndstef undir þá sjónarmið sem hafa komið fram. Bæði í greinargerð, minnisblaðinu og á fundinum. Þetta eru 3 atriði sem á þá eftir að leysa.

1. Orðalag í greinargerðinni:

Í 5. kafla greinargerðarinnar segir:

Uppboð sem haldin eru í öðrum tilgangi, svo sem í fjáröflunar- eða góðgerðarskyni, falla utan gildissviðs ákvæðisins og ekki gerð krafa um greiðslu fylgiráttargjalds af slíkum uppboðum sem er í samræmi við efni tilskipunar 2001/84/EB.

Þessu orðalagi þarf að breyta og taka út, því ekki er um réttan skilning að ræða. Tilskipunin veitir þessum uppboðum ekki sérstaka undanþágu, og það yrði mjög varhugavert ef þetta orðalag stæði í greinargerðinni. Oft getur greinargerð með frumvarpi til laga orðið ákvæðin vísbending um túlkun laga og lagaframkvæmd síðar meir, og orðalag þar getur skipt gríðarlegu miklu máli. Þetta orðalag má því alls ekki fara inn í greinargerðina, þar sem þessi túlkun er einfaldlega röng, eða eins og segir í umsögn Myndstefs, 4. kafla:

Þetta eru þau ákvæði tilskipunarinnar sem taka á uppboðs- og/eða endursöluáðilum, og hvergi er þar tiltekið að uppboð sem eru haldin í öðrum tilgangi, svo sem í fjáröflunar- eða góðgerðartilgangi, falli utan hennar.

(18) The scope of the resale right should be extended to all acts of resale, with the exception of those effected directly between persons acting in their private capacity without the participation of an art market professional. This right should not extend to acts of resale by persons acting in their private capacity to museums which are not for profit and which are open to the public. With regard to the particular situation of art galleries which acquire works directly from the author, Member States should be allowed the option of exempting from the resale right acts of resale of those works which take place within three years of that acquisition. The interests of the artist should also be taken into account by limiting this exemption to such acts of resale where the resale price does not exceed EUR 10000.

2. The right referred to in paragraph 1 shall apply to all acts of resale involving as sellers, buyers or intermediaries art market professionals, such as salesrooms, art galleries and, in general, any dealers in works of art.

Norrænn höfundaréttur hefur svipaða framkvæmd við uppboð utan starfsstöðva, þ.e.a.s. systursamtök Myndstefs á Norðurlöndum innheimta fylgirétt af uppboðum hvort sem þau eru til góðgerða/fjáröflunnar eða ekki, að öðrum skilyrðum laga uppfylltum. Líklegast eru reglur höfundaréttar og fylgiréttar annarra landa í Evrópu með svipaða framkvæmd.

2. Minnisblað Atvinnu og nýsköpunarráðuneytis, frá 25. febrúar 2021

Þar segir:

“Umsögn Myndstefs

Í umsögn Myndstefs er m.a. fjallað um erfiðleika við innheimtu fylgiréttargjalds af sölu listmuna á frjálsum uppboðum. Í greinargerðinni eru listuð upp uppboð sem ekki voru leyfi fyrir, en í tillögu frumvarpsins felst að felld er niður leyfisskylda vegna slíkra uppboða. Þá er fjallað um efni tilskipunar 2001/84/EB, um leyfisskylda á starfsemi uppboðshaldara og endursöluaðila listmuna og erfiðleika við innheimtu fylgiréttargjalds sem leiði til skakkrar samkeppnisstöðu þeirra sem samviskusamlega standa skil á fylgiréttargjaldi og þeirra sem gera það ekki. Ráðuneytið hefur fullan skilning á athugasemdum Myndstefs en líkt og bent er á í umsögninni eru listmunir frábrugðnir öðrum lausafjármunum og leyfisskylda frjálsra uppboða tekur til allra lausafjármuna en ekki aðeins listmuna. Umsögnin leiðir því að mati ráðuneytisins ekki til þess að rétt sé að gera breytingar á efni frumvarpsins en verði frumvarpið samþykkt í þeirri mynd sem það var lagt fram í falla reglur um fylgiréttargjald og innheimtu þess alfarið undir mennta- og menningarmálaráðuneytið sem er til einföldunar á málaflokknum og felur í sér skýrari ábyrgð á framkvæmd á innheimtu fylgiréttargjalds og hvernig kunnir að vera hægt að koma innheimtu þess í betra horf en nú er.”

Myndstef tekur undir að þessum málum skuli skipað til mennta- og menningarmálaráðuneytis, en lýsir yfir ósk um að það verði gert sem fyrst, þar sem samræma þarf (og/eða bæta við) td varðandi tímafresti og skoða betur og skerpa á þeim úrræðum sem höfundalögin veita nú þegar við vanskilum. Ef til vill gæti ráðuneytið gefið út e-a yfirlýsingu þess efnis að endurskoðun á þessum málum taki við, eða þingsályktun þess efnis verði lögð fram á þingi.

3. Tímafrestir við frjáls uppboð

7. gr. frumvarpsins er eftirfarandi:

IV. KAFLI

Breyting á [lögum um lausafjárkaup, nr. 50/2000.](#)

7. gr.

Á eftir XV. kafla laganna kemur nýr kafla, XVI. kafla, **Frjáls uppboð**, með einni grein, 99. gr., ásamt fyrirsögn, svohljóðandi, og breytist röð annarra kafla og greina samkvæmt því:

Uppboð.

Sá sem ber ábyrgð á uppboði á lausafé er nefndur uppboðsstjóri.

Uppboðsstjóri má hvorki gera boð á uppboði sjálfur né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

Uppboðsstjóri skal kynna uppboðsskilmála skriflega og skulu þeir lesnir upp áður en uppboð hefst.

Í uppboðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum, sem leggjast ofan á söluverð,

greiðsluskilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, ásamt öðrum skilmálum sem uppboðsstjóra er skylt að geta og hvenær ábyrgð á hinu selda flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

Munir sem bjóða á upp skulu vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma fyrir uppboð, hvort sem er á uppboðsstað eða með rafrænum hætti.

Kaupandi uppboðsmunar getur ekki borið fyrir sig galla á honum, nema hann svari ekki til þess heitis er hann var auðkenndur með við söluna, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.

Við teljum nauðsynlegt að vísað sé í reglugerð um fylgirétt, eða sett inn ný málsgrein hér, sem tilgreinir skilafresti. Td:

“Í þeim tilvikum sem uppboðsstjóri ber að skila inn upplýsingum, skilagreinum eða greiðslum, í samræmi við lög þar um, skal virða þá tímafresti sem þar eru settir fram. Ella skal almennt miða við að gögn þessi berist móttakanda eigi síðar en 30 dögum eftir uppboð.”

Virðingarfyllt,

Harpa Fönn

Lögfræðingur Myndstefs